



Til utanríkismálanefndar Alþingis
umsagnir@althingi.is

22. febrúar 2025

Umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 85. mál

Heimssýn mælir GEGN samþykki frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 85. mál. (hér eftir "frumvarpið").

Frumvarpið bætir eftirfarandi forgangsreglu inn í lög nr. 2 frá 1993 um Evrópska efnahagssvæðið:

"Ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum er ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skal hið fyrrnefnda ganga fram, nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað. Sama á við um skuldbindingar sem eru innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum ef þau eru ósamrýmanleg öðrum stjórnvaldsfyrirmælum."

Í þessu felst veigamikil breyting sem getur skapað fleiri vandamál en ætlunin var að leysa.

Verði frumvarpið lögfest mun sú réttarfarsvenja, að nýrri lög hafi forgang umfram eldri lög, ekki gilda í því tilfelli er eldri lögin byggja á EES-reglum. Ekki liggur fyrir nein tæmandi greining á afleiðingum slíkrar breytingar á núverandi lagasafn. EES-reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli fá einnig forgang á önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Fjöldi reglugerða er gríðarlegur og áhrif frumvarpsins á þann þátt hafa ekki verið greind.

Af ákvæðinu leiðir að lög sem lýðræðislega skipað Alþingi hefur samið, verða sett skör lægra en lög sem samin eru af embættismönnum ESB og Alþingi hefur staðfest vegna EES samningsins. Þannig veikir ákvæðið löggjafarvald Alþingis sem er varið í stjórnarskrá Íslands. Stjórnarskráin heimilar ekki að löggjöf sem er samin erlendis hafi slíkan forgang umfram löggjöf sem samin er af lýðræðislega kjörnum alþingismönnum.

Verði frumvarpið samþykkt mun það leiða til tafa og óvissu um raunverulegt gildi laga sem samin eru á Alþingi. Rannsaka þarf ítarlega hvort ný lög stangist á við eldri EES löggjöf. Lagasetning og gerð stjórnvaldsfyrirmæla verður þannig flóknari og tímafrekari.

Í réttarríki er gagnsæi og fyrirsjáanleiki mikilvægur. Innleiðing ákvæðisins mun í vissum tilfellum gera almenningi og lögaðilum erfiðara fyrir að þekkja rétt sinn og skyldur.

EES samningurinn er orðinn 30 ára og þótt forgangsreglan hafi ekki verið innleidd hefur samstarfið gengið án mikilla vandræða. Almenn er viðurkennt að Ísland hafi uppfyllt skyldur samningsins af stakri þryði. Þau fáu ágreiningsmál sem upp hafa komið, hafa verið leyst af dómstólum og Alþingi getur alltaf gert lagfæringar á löggjöf sé talin þörf á því. Frumvarpið er því óþarft og leysir engan raunverulegan vanda.

Carl Baudenbacher, fyrrverandi dómari og forseti EFTA dómstólsins, tekur undir þetta sjónarmið. Hann tjáði sig þannig um bókun 35 í viðtali við Morgunblaðið þann 16. september 2024

„Meðan ég var í dómnum var ég þeirrar skoðunar að Ísland hefði ekki innleitt bókunina með réttum hætti og að því bæri að gera það. En það mætti líka segja að þetta ástand hafi varað svo lengi og án teljandi vandkvæða, að það væri ástæðulaust með öllu að hrófla við því.“

Frumvarpið er mjög umdeilt, það leysir engin aðkallandi vandamál, það gengur gegn stjórnarskránni að gefa löggjöf sem samin er erlendis forgang umfram löggjöf sem samin er héraendis. Frumvarpið eykur flækjustig og kostnað og getur aukið á réttaróvissu. Þess vegna mælir Heimssýn GEGN samþykki frumvarpsins.

Heimssýn er tilbúin til að senda fulltrúa á fund nefndarinnar til að svara spurningum sem kunna að vakna við lestur þessa erindis.

F.h. Heimssýnar

Haraldur Ólafsson, formaður

Um Heimssýn

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, er þverpólitísk samtök þeirra sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins. Heimssýn var stofnuð þann 27. júní 2002 en þá birtist eftirfarandi ávarp í helstu prentmiðlum landsins:

„Íslendingar hafa á tæpri öld fest sig í sessi sem sjálfstæð þjóð með öflugt atvinnu- og menningarlíf þar sem velferð þegnanna er tryggð. Einstakur árangur fámennrar þjóðar væri óhugsandi nema fyrir það afl sem felst í sjálfstæðinu. Við leggjum áherslu á vinsamleg samskipti og víðtæka samvinnu við aðrar þjóðir í Evrópu og heiminum öllum en teljum það ekki samrýmast hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Við hvetjum til opinnar umræðu um Evrópu- og alþjóðasamstarf á þessum grunni og höfum stofnað samtök sem bera heitið Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum.“